

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana, nr. 111/2021 (vatnsorkuver, vindorkuver).

Flm.: Inga Sæland, Ásthildur Lóa Þórsdóttir, Eyjólfur Ármannsson,
Guðmundur Ingi Kristinsson, Jakob Frímagn Magnússon,
Tómas A. Tómasson.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. viðauka við lögin:

a. Liður 3.15 orðast svo:

		A	B
3.15	Vatnsorkuver, utan þess sem fellur undir tölul. 3.02, með uppsett rafafli 200 kW eða meira.	X	

b. Liður 3.16 orðast svo:

		A	B
3.16	Vindorkuver, utan þess sem fellur undir tölul. 3.02, með uppsett rafafli 1 MW eða meira eða mannvirki sem eru 25 m eða hærri.	X	

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Mál þetta var áður flutt á 149., 150., 151., 152. og 153. löggjafarþingi (116. mál) en náði ekki fram að ganga.

Í gildandi lögum falla vatnsorkuver með uppsett rafafli 200 kW eða meira og stöðvar sem nýta vindafli til raforkuframleiðslu með uppsett rafafli 1 MW eða meira í flokk B í 1. viðauka. Skv. 1. mgr. 1. viðauka skal meta framkvæmdir sem falla undir B-flokk í hverju tilfelli fyrir sig og af því leiðir að ekki er skylt að framkvæma mat á umhverfisáhrifum við slíkar framkvæmdir.

Framkvæmdir við gerð og rekstur fallvatnsvirkjana og vindbúa kunna að hafa í för með sér veigamikil áhrif á lífríki og náttúru. Óánægja ríkir með núverandi fyrirkomulag þar sem virkjanir undir 10 MW rafafli hafa hlotið framkvæmdaleyfi án þess að umhverfismat hafi farið fram. Þá geta vindmyllur með 1 MW valdið ýmsum umhverfisskununum. Því er lagt til að öll vatnsorkuver með uppsett rafafli 200 kW eða meira og stöðvar sem nýta vindafli til raforkuframleiðslu með uppsett rafafli 1 MW eða meira falli undir flokk A í 1. viðauka og framkvæmdaleyfi verði samkvæmt því ávallt háð mati á umhverfisáhrifum.